

Nd.

528. Breytingartillögur

[179. mál]

við frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar (SE, SP, BP).

1. Í stað 1.—4. gr. komi ein grein, sem orðist svo:

89. gr. laganna orðist svo:

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt lögum þessum skal, auk þeirra gjalda, sem um getur í 85.—87. gr., gjald af bifreiðum og bifhjólum, samkvæmt 16. gr. l. nr. 4 1960, renna í vegasjóð frá og með 1. janúar 1969.

2. Á eftir 1. mgr. í ákvæðum til bráðabirgða komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til greiðslu á kostnaði vegasjóðs af framkvæmdum í vegamálum 1967 og 1968, allt að 109 milljónir króna.